

Ed.

319. Nefndarálit

[127. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 22. febr. 1980, um breyt. á þeim lögum.

Frá 3. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Það frumvarp, sem hér liggur fyrir, gerir ráð fyrir verulegri hækkun tekjuskatts af almennum launatekjum. Þannig mun heildarskattbyrði til ríkis og sveitarfélaga aukast um ca. 8 milljarða króna samkvæmt fyrirbyggjandi áætlunum frá Þjóðhagsstofnun og Reiknistofnun háskólans, enda verði heimild til 10% hækkunar útsvara ekki nýtt nema í 55% tilvika. Verði sú heimild til útsvarsálagningar nýtt í ríkara mæli eykst skattbyrði enn sem því nemur.

Þessa skattahækkun boðar ríkisstjórnin samtímis því sem hún gerir ráð fyrir 4.5% kjaraskerðingu af völdum verðlagshækkana. Öllum má ljóst vera hvert óráð er að ríkisvaldið gangi þannig á undan um að heimta sem mest í sinn hlut á sama tíma og það boðar aðhald hjá öllum öðrum.

Stefna Alþýðuflokksins er sú, að gæta eigi aðhalds á öllum sviðum efnahagslífsins, en þó sérstaklega í ríkisbúskapnum, jafnframt því að vernda raunkjör launafólks eftir mætti með því að draga úr tekjuskattheimtu, einkum hjá hinum tekjulægstu, enda tekjuskatturinn að ýmsu leyti óréttlátur skattur, eins og dæmin sanna.

Skattastefna ríkisstjórnarinnar gengur í þveröfuga átt. Heildarskattbyrði eykst. Skattar af lægstu tekjum hækka. Skattar á miðlungstekjur eru stóruknir, og meira að segja skattar hjá einstæðum foreldrum hækka.

Með offorsi sínu í skattlagningu kippir ríkisstjórnin stoðunum undan viðleitni til þess að hafa hemil á verðbólgunni. Sú leið að rýra lífskjör launþega sérstaklega með skattaálögum er ógæfusamleg. Alþýðuflokkurinn telur að af þessari braut verði að snúa. Þess vegna er hér flutt breytingartillaga um skattstiga, sem komi til móts við launafólk. Samkvæmt honum yrði álagður tekjuskattur einstaklinga nettó um 35 milljarðar króna í stað ca. 46 milljarða króna samkvæmt fyrirbyggjandi frumvarpi, og er þá í báðum tilvikum miðað við 47% tekjuaukningu milli ára skv. úrtaki Þjóðhagsstofnunar.

Samkvæmt þeim tillögum, sem hér eru gerðar, yrði innheimtur tekjuskattur um 7.5 milljörðum lægri en fjárlög gera ráð fyrir, enda hafði Alþýðuflokkurinn flutt tillögur um samsvarandi niðurskurð útgjalda. Lækkun þessi kæmi m. a. til góða hinum tekjulægstu, fólki með miðlungstekjur svo og einstæðum foreldrum. Hér má sérstaklega tilgreina að í tillögum fulltrúa ríkisstjórnarflokkanna eykst skattbyrði einstæðra foreldra um 40% frá gömlu skattalögunum, en samkvæmt þeim tillögum, sem hér eru fluttar, yrði hún létt um 60%. Um samanburðardæmi vísast til fylgirita.

Í fylgiriti I er sýndur samanburður á tekjuskatti skv. tillögum ríkisstjórnarflokkanna og skv. tillögum Alþýðuflokksins. Í fylgiriti II er sýnt dæmi um hvernig tekjuskattur af lægstu tekjum stórhækkar skv. tillögum ríkisstjórnarflokkanna frá því, sem í gildi var skv. gömlu skattalögunum, og hvernig tillögur Alþýðuflokksins mundu lækka skatta þessa fólks.

Alþingi, 14. apríl 1980.

Kjartan Jóhannsson,
fundaskr.

Fylgirit I.

Samanburðardæmi um tekjuskatt samkvæmt tillögum ríkisstjórnarflokkanna og samkvæmt tillögum Alþýðuflokksins.

	Tekjur til tekjuskattsstofns		Tekjuskattur		Lækun skv. till. Alþfl.
	Eiginmaður þús. kr.	Eiginkona þús. kr.	Till. Alþfl. þús. kr.	Till. ríkisstj.fl. þús. kr.	
Hjón, barnlaus	3 500	2 500	253	505	50%
Hjón, eitt barn yfir 7 ára	6 000	3 000	1 021	1 365	25%
Hjón, eitt barn undir 7 ára	7 000	3 000	1 471	1 654	11%
Hjón, barnlaus	7 500	7 000	3 333	3 537	6%
Einhleypur	3 000		126	227	44%
Einstætt foreldri með 2 börn (annað ungt)	4 000		429	581	26%

Fylgirit II.

Samanburðardæmi um tekjuskatt af lægstu tekjum.

1. Skv. gömlu skattalögunum:

Brúttótekjur þús. kr.	Nettótekjur þús. kr.	Tekjuskattur
3 000	2 850	121 000
3 000	2 700	90 000

2. Skv. tillögum ríkisstjórnarflokkanna:

Brúttótekjur þús. kr.	Nettótekjur þús. kr.	Tekjuskattur
3 167	2 850	189 000
3 000	2 700	152 000

3. Skv. till. Alþýðuflokksins:

Brúttótekjur þús. kr.	Nettótekjur þús. kr.	Tekjuskattur
3 167	2 850	80 000
3 000	2 700	35 000